

## Fundargerð skólaráðs Akurskóla

**Fundur haldinn í Akurskóla 12.febrúar 2015 frá klukkan 16:00-17:30**

Mættir: Sigurbjörg Róbertsdóttir skólastjóri, Gróa Axelsdóttir aðstoðarskólastjóri, Ragna Finnsdóttir fulltrúi kennara. Bjarklind Alda Gísladóttir fulltrúi starfsmanna, Halldóra Hreinsdóttir og Þóra Guðrún Einarsdóttir fulltrúar foreldra. Alexandra Marín Sveinsdóttir fulltrúi nemenda og Guðmunda Lára Guðmundsdóttir fulltrúi grenndarsamfélagsins.

### **Dagskrá:**

- 1.mál** Viðmið um mætingar og nýtt fyrirkomulag sjúkraprófa.
- 2.mál** Breytingar á skóladagatali Akurskóla 2014-2015.
- 3.mál.** Niðurstöður samræmdra prófa.
- 4.mál** Námsmat og mat á lykilhæfni í janúar.
- 5.mál** Drög að skóladagatali 2015-2016.
- 6.mál** Framkvæmdir í sumar.
- 7.mál** Önnur mál

Skólastjóri setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna.

### **1.mál Viðmið um mætingar og nýtt fyrirkomulag sjúkraprófa.**

Sigurbjörg fór yfir vinnuþagg um viðmið um mætingar sem Akurskóla var að móta sér. Mikilvægt er að skólinn hafi slíkt þagg til að vinna með foreldrum og nemendum að góðri ástundun. Viðmiðin segja til um hvaða aðgerðir er farið í út frá viðmiðum um seinkomur, fjarvistir og vísað úr tíma. Viðmiðin verða kynnt og er búið að kynna fyrir hluta af unglिंगadeildinni og sent foreldrum í lok vikunnar.

Ákveðið var í unglिंगadeildinni að taka upp sjúkrapróf. Þá eiga nemendur kost á að sækja sjúkrapróf þegar þeir komast ekki í kaflapróf. Vonast er til að þessi valkostir varpi meiri ábyrgð á nemendum því þeir sjálfir þurfa að skrá sig í sjúkraprófið og mæta í það eftir skóla á fimmtudögum.

Mikilvægt er að sveigjanleiki sé hjá kennurum ef nemandi hefur verið lengi í burtu og þarf að taka fleiri en eitt próf.

## **2.mál Breytingar á skóladagatali Akurskóla 2014-2015.**

Sigurbjörg sagði frá að Skólahreystikeppnin verði nú haldin í Reykjanesbæ 19.mars nk. Sama dag var árshátíð Akurskóla sett. Sigurbjörg óskaði eftir samþykki fundarmanna fyrir því að setja árshátíð okkar á þriðjudaginn 17.mars að kvöldi fyrir unglिंगadeildina og miðvikudaginn 18.mars fyrir yngri. Allir aðilar samþykktu.

Breyting verður gerð á árshátíð unglिंगadeildar ásamt 7.bekk, en nú verður hún að kvöldi frá kl.19:00-23:00. Þeirra skóladagur verður þá og verða nemendur í fríi miðvikudaginn 18.mars. Alexandra fulltrúi nemenda sagði að almenn ánægja væri hjá nemendum með þessa breytingu og erum við spennt að prófa hana. Einnig verður ball fyrir nemendur frá kl.21-23.

## **3.mál Niðurstöður samræmdra prófa.**

Sigurbjörg fór yfir helstu niðurstöður samræmdra prófa og þeirri vinnu sem kennarar þeirra greina fara í. En hver og einn kennara greina niður prófin og vinna svo kennsluáætlun út frá þeim. Mestar áhyggjur okkar eru af íslenskunni eða lessklingini og orðskilningi. Það virðist vera einkennandi fyrir Suðurnesin að vera með slakan orðskilning og þarf því allt samfélagið að leggjast á eitt með að vinna með það. Einnig þurfum við að virkja meira tvítyngdu börnin og fjölskyldur þeirra tengt hugtökum og læsi.

## **4.mál Námsmat og mat á lykilhæfni í janúar.**

Sigurbjörg fór yfir námsmat sem nemendur fengu í janúar sl. Rætt var um lykilhæfni og þann umræðugrundvöll sem skapast á milli kennara og foreldra/nemenda. Að skoða einstaklinginn út frá öðrum þáttum en kunnáttu í námsgrein. Ragna sagði frá því hvernig 4. bekkjarteymið vinnur með lykilhæfni.

## **5.mál Drög að skóladagatali 2015-2016.**

Sigurbjörg fór yfir fyrstu drög að skóladagatali 2015-2016.

## 6.mál Framkvæmdir í sumar.

Sigurbjörg fór yfir þær breytingar sem farið verður í næsta sumar. Ákveðið hefur verið að stúka af unglingaálmunum þ.e. Narfakot og Stapakot með fellihurðum svo hægt verði að opna á milli rýma. Einnig kemur þriðja úti-kennslustofan á bílaplanið og verður tengd við þær tvær sem eru þar nú. Ástæður breytinga eru fjölgun á börnum um 30-40 á milli skólaára.

## 7.mál Önnur mál

- Alexandra kom með ósk frá nemendum að bæta við samlokugrilli og örbylgjuofni í matsalinn. Halldóra ætlar að kanna það hjá foreldrafélaginu.
- Alexandra fór yfir að í íslensku í 10.bekk væri ekki hægt að fá 10 í einkunn. Gróa var búin að ræða við kennarana í íslensku og það var einhver misskilningur á milli þeirra og nemenda. Nemendur geta fengið 10 í einkunn.
- Alexandra kom með ósk um að gefin yrði út árbók 10.bekkjar í vor. Þær eru nokkrar búnar að kanna verð og er annað verðið mun betra. Sigurbjörg ætlar að hitta þær og finna leiðir sem hægt er að fara til að gera árbókina að veruleika.
- Gróa sagði frá því að stjórnendur væru að meta kennslu hjá kennurum skólans. Farið er inn og fylgst með og gefið endurmat á það sem gekk vel og það sem betur mætti fara. Heimsóknin er undirbúin og er almenn ánægja hjá öllum aðilum. Ákveðið að meta stuðningsfulltrúa eftir páska.
- Sigurbjörg sagði frá því að í ár fyllir starfsfólkið út rafræn starfsmannasamtöl sem stjórnendur, Gróa og Sigurbjörg, eru búnar að lesa áður og eru því undirbúnar. Gefist vel og einnig eru nokkrir skalar sem hægt er að reikna út meðaltal. Stefnt að því að gera þetta áfram og hafa þá tækifæri á að meta á milli ára.
- Þóra spurði út í notkun á spilunum sem foreldrafélagið gaf skólanum sl.haust. Gróa og Sigurbjörg sögðu frá því að mikil notkun er á þeim og í raun slegist um þau.
- Halldóra sagði frá því ef áhuga væri fyrir því að fullbúa nýsköpun og lego valáfangann þá er vilji hjá foreldrafélaginu að styrkja það.
- Gróa sagði frá því að undirbúningur er hafin á 10 ára afmæli Akurskóla sem er nú í nóvember. Efna á til samkeppnis um skólasöng og heiðra Thorkillís.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl.17:30.

Fundargerð þessa ritaði

Gróa Axelsdóttir

Aðstoðarskólastjóri Akurskóla